

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/2171****2022/EES/72/18**

frá 7. desember 2021

um breytingu á tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar þyngd framleiðslueiningar fræs og sýna af *Avena nuda* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽¹⁾, einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 66/402/EBE var breytt með framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/415 ⁽²⁾ og vegna misritunar féll heiti tegundarinnar *Avena nuda* brott úr færslunni í þriðju línu í fyrsta dálki töflunnar í III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE. Af því leiðir að hámarksþyngd framleiðslueiningar fræs og lágmarksþyngd fræsýnis af tegundinni *Avena nuda* fellur ekki lengur undir reglur. Því ætti að setja inn aftur heiti tegundarinnar *Avena nuda* sem fellt var brott.
- 2) Því ætti að breyta tilskipun 66/402/EBE til samræmis við það.
- 3) Í þágu réttarvissu ætti lögleiðingardagurinn, sem settur er fram í þessari tilskipun, að vera sá sami og lögleiðingardagurinn sem er settur fram í framkvæmdartilskipun (ESB) 2021/415.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á tilskipun 66/402/EBE

Í stað færslunnar í þriðju línu í fyrsta dálki töflunnar í III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE kemur eftirfarandi:

„*Avena nuda*, *Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Hordeum vulgare*, *Triticum aestivum* subsp. *aestivum*, *Triticum turgidum* subsp. *durum*, *Triticum aestivum* subsp. *spelta*, *Secale cereale*, *xTriticosecale*“.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2022. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 438, 8.12.2021, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309.

⁽²⁾ Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/415 frá 8. mars 2021 um breytingu á tilskipunum ráðsins 66/401/EBE og 66/402/EBE til þess að aðlaga flokkunarfræðilega hópa og heiti tiltekinnar tegunda fræs og illgresis að þróun á sviði vísinda- og tæknipækkingar (Stjtið. ESB L 81, 9.3.2021, bls. 65).

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2022.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
